




Merktu við atriðin sem eru í sendibréfinu þínu og leggðu síðan mat á bréfið í verkmöppuna.



Staður og stund

Öll sendibréf hafa ákvörðunarstað sem ritaður er í þágufalli, ásamt dagsetningu. Þetta er ýmist skrifað vinstra eða hægra megin á blaðið.

Ávarp

Viðtakandi er ávarpaður með þeim orðum sem hæfa hverju sinni.

Beitubiti

Bréfitarinn beinir orðum sínum að lesandanum sjálfum. Þetta er eins konar beita til að ná athygli hans eða koma sér í mjúkinn hjá honum.

Meginmál

Aðalerindi bréfitara er tíundað. Þetta er gjarnan lengsti kafli bréfsins.

Bónarbiti

Málinu er snúið að viðtakanda. Til dæmis:

Mikið væri nú gaman að fá frá þér línu fljótlega ...

Kveðja

Viðtakandi er kvaddur með viðeigandi orðum.